

3.bekkur

Viðfangsefnið skiptast nú í tvo meginstrauma; efni sem snúast um tíma, svo sem saga og tónlist, og rýmisgreinar eins og landafræði og handverksgreinar.

Myndrænir eiginleikar ítarefnisins komast vel til skila á þessu námsári með dæmisögum og dýrlingasögum, tvær tegundir sagnahefða sem eru mjög ólíkar að gæðum og formi. Í dýrlingasögunum hitta börnin fyrir eiginleika mannsins sem glímir við öfl sjálfselsku og lasta innra með sér, en endar með því að helga líf sitt öðrum. Sögur af dýrlingum geta vakið upp hugmyndir hjá börnunum um hverju maðurinn getur áorkað.

Dæmisögur lýsa sálrænum eiginleikum lausum við skyldurækni og árattu, þar sem dýrin lifa út eiginleika og hvatir án tillits til annarra en sjálfra sín. Þau tákna andlega einhliða eiginleika og tilhneigingu mannsins til eigingirni, oft á skoplegan og gamansaman hátt. Þannig eru dæmisögur nær okkar eigin hversdagslífi, því nemendur skilja vel að það eru mannleg einkenni sem koma fram í sérkennum dýranna.

Á þessu námsári verða nemendur meðvitaðir um tímann, árstíðir, vikudaga, mánuði og ár og breyta tímanum í hagnýtt verkfæri til að kynna sér heiminn og þróa með sér skilning á nútímanum og morgundeginum. Tónlist, sönglög og hljóðfæraleikur eru nýtt óspart eins og fyrr í tengslum við efnið. Í áttahagafræði kynnumst við nánasta umhverfi sem undanfara landafræðinnar.

Fingrafimi og fínhyreyfingar eru æfðar með prjóni og útsaum, leikjum, formteikningu, tálgi og vinnu með hamar og nagla. Tónlist er æfð með söng og á pentatónískar blokkflautur.

Nemendur geta nú sett sín eigin orð á frásagnarefnið og byrja að skrifa stutta texta. Litlu stafirnir eru lagðir inn og kenndir í handskrift. Litfagrir trélitir taka við af vaxlitunum í vinnubókarvinnunni.

Reiknikennsla felur í sér miklar framfarir í skilningi og eru reiknislistirnar fjórar, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling, stundaðar á margvíslegan hátt. Það er enn leikur og hreyfing, meðal annars í formi taktæfinga, sem leggja grunninn að þeirri alvöru og ró sem þarf til að ná tökum á heimi talnanna. Endurtekin og kerfisbundin æfing í hugarreikningi, helst framkvæmd gegnum hreyfingu og þá sérstaklega litlu margföldunartöfluna, er mikilvægur upphafspunktur fyrir frekari skilning á tölum. Nemendur hefja einnig að reikna dæmi skriflega eftir forskrift kennara. Í formteikningu er unnið með flóknari mynstur og spegilform.

Félagslegar skuldbindingar eru aðaláherslan í llífisleikni á þessu námsári. Nemendur læra að fylgja reglum um félagsleg samskipti svo hægt sé að þróa áfram virðingu og jákvæð tengsl milli þeirra.